



BRUNAVARNAÁÆTLUN

Slökkvilið Múlaþings

APR 2026 - APR 2031



AÐALSTÖÐ

Egilsstaðir

AÐRAR STÖÐVAR

Vopnafjörður

Djúpivogur

Borgarfjörður eystri

Seyðisfjörður

Efnisyfirlit

1	SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR	3
2	INNGANGUR	4
3	STARFSSVÆÐI	5
4	SKIPULAG OG STARFSEMI	10
5	HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR	17
6	ÁHÆTTUMAT OG MÓTVÆGI	20
7	FRAMKVÆMDAÁÆTLUN	25
8	FYLGISKJÖL	27

1 SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR

Slökkvilið Múlaþings sinnir mjög stóru landsvæði með dreifðum byggðum. Starfsvæðið nær yfir sveitarfélögin Múlaþing, Fljótsdalshrepp og Vopnafjarðarhrepp. Alls er starfsvæðið um 14.100 km² með mörgum fjallvegum og oft eru samgöngur á milli þéttbýliskjarna erfiðar. Vegna stærðar, vegalengda á milli starfstöðva og á köflum erfiðra samgangna verða slökkviliðin á hverjum stað að vera í stakk búin til að bregðast við því sem upp getur komið. Miðað er við að slökkvilið á hverjum stað geti sinnt fyrsta viðbragði og tekist á við það sem upp kemur þangað til að aðstoð berst. Til að styðja við liðin eru samningar við nágrannaslökkvilið, björgunarsveitir í hverju byggðarlagi og aðstoð innan liðs, á milli staða, nauðsyn. Skipulag liðanna, með slökkviliðsmönnum og varðstjórum í starfshlutfalli á hverjum stað, byggir undir það að hvert lið geti brugðist við og að slökkviliðsmenn séu alltaf tiltækir á hverjum stað. Þetta kallar líka á það að búnaður á hverjum stað sé í samræmi við aðstæður og uppfylli þær kröfur sem við verðum að gera til allra staða.

Vegna stærðar starfsvæðis verðum við að leggja mikla áherslu á forvarnir og eldvarnaeftirlit og samstarf við eigendur og rekstraraðila stærri bygginga á svæðinu. Það er gert með því að hafa eldvarnaeftirlitsmann í fullri stöðu hjá slökkviliðinu. Eldvarnaeftirlit á svo víðfemu svæði tekur mikinn tíma og stór hluti vinnudagsins fer oft í ferðir á milli staða, auk þess sem sæta þarf lagi vegna veðurs og færðar.

2 INNGANGUR

Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við lögbundin verkefni og þær áhættur sem eru í sveitarfélaginu. Brunavarnaáætlun á að stuðla að því að vernda líf og heilsu fólks, eignir og umhverfi með fullnægjandi eldvarnaeftirliti og viðbúnaði við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi. Þannig gefur brunavarnaáætlun íbúum og stjórn sveitarfélags gott yfirlit yfir starfsemi og ástand slökkviliðs og getur því orðið grunnur að gæðastjórnun og áætlun um endurbætur, t.d. hvað varðar búnað, menntun og samstarf við aðra aðila. Einn mikilvægasti þáttur brunavarnaáætlunar er að gera sér grein fyrir hvar úrbóta er þörf og gera grein fyrir því í framkvæmdaáætlun.


Brunavarnaáætlun er unnin af slökkviliðsstjóra og skal samþykkt af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og viðkomandi sveitarstjórn.

3 STARFSSVÆÐI

Þessi kafli lýsir starfssvæði slökkviliðsins og hvaða sveitarfélög það þjónustar, skilgreiningu á útkallssvæðum ásamt upplýsingum um vatnsöflun vegna slökkvistarfs.

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Stærð svæðis (km ²)	Slökkvistöð
Fljótsdalshreppur	124	1.517	
Múlaþing	5.436	10.671	Egilsstaðir, Djúpivogur, Borgarfjörður eystri, Seyðisfjörður
Vopnafjarðarhreppur	647	1.903	Vopnafjörður


Starfssvæði slökkviliðs Múlaþings nær yfir sveitarfélagið Múlaþing og með samstarfssamningum Vopnafjarðarhrepp og Fljótsdalshrepp. Þéttbýliskjarnar á starfssvæðinu eru Djúpivogur, Seyðisfjörður, Bakkagerði á Borgarfirði eystra, Egilsstaðir, Vopnafjarðarkaupstaður, Hallormsstaður og Eiðar. Á öllum þéttbýlisstöðum, utan Eiða og Hallormsstaðar sem sinnt er frá Egilsstöðum, eru slökkvistöðvar með búnaði og starfandi slökkviliðum.




3.1 ÚTKALLSSVÆÐI

Útkallssvæði slökkviliða skiptast í fjóra flokka. Eftirfarandi kort sýna tímalínur sem skipta starfssvæði slökkviliðsins í útkallssvæði eftir viðbragðstíma þar sem minnst ein útkallseining er komin á vettvang og vinna hafin fyrir slökkvistarf innanhúss:


- Útkallssvæði 1: Innan 10 mínútna frá útkalli.
- Útkallssvæði 2: 10 til 15 mínútna frá útkalli.
- Útkallssvæði 3: 15 til 20 mínútna frá útkalli.
- Útkallssvæði 4: Meira en 20 mínútur frá útkalli. Á útkallssvæði 4 skal sýna tímalínur fyrir hverjar viðbættar 15 mínútur.



Mynd 2



Mynd 3



3.2 VATNSÖFLUN Á STARFSSVÆÐI

Til eru listar yfir brunahana á starfsvæði Slökkviliðs Múlaþings. Þessir listar eru aðgengilegir í slökkvibífreiðum á hverjum stað. Í dreifbýli er víða gott aðgengi að vatni, en þar sem það er ekki er stólað á það vatn sem slökkviliðið getur komið með með sér. Öll slökkviliðin eru vel útbúin lausum dælum og vatnslaugum til að safna vatni. Vinna þarf að því að merkja vatnstökustaði til sveita og koma þeim inn í kortagrunn. Vatnstaka er reglulega æfð á hverju svæði.

<https://www.map.is/mulathing/@711966,535809,z6,0> Afkastamælingar á brunahönum liggja ekki fyrir á starfsvæðinu og þarf að vinna að því að gera mælingar á brunahönum til að hægt sé að gera úrbótaáætlun þar sem það þarf. Sú vinna er komin af stað í Múlaþingi.

Staðsetningar brunahana er hægt að sjá á kortasjá Múlaþings. Á hverri slökkvistöð eru útprentuð kort yfir brunahana.

4 SKIPULAG OG STARFSEMI

4.1 SKIPULAG OG SKIPURIT



Slökkvilið Múlaþings sinnir Múlaþingi auk Vopnafjarðarhrepps og Fljótsdalshrepps. Þrír menn eru í 100% starfi, slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri og eldvarnaeftirlitsmaður. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri uppfylla kröfur samkvæmt 15. og 17. grein laga nr. 75/2000. Reknar eru 5 slökkvistöðvar á svæðinu, á Egilsstöðum, Vopnafirði, Borgarfirði eystra, Djúpavogi og Seyðisfirði.

Á hverjum stað eru tiltækir að lágmarki 1 varðstjóri og 3 slökkviliðsmenn, á hverjum tíma. Nema á Borgarfirði eystra þar sem varðstjóri er alltaf tiltækur. Með þessu er tryggt fyrsta viðbragð. Þessir hópar eru settir þannig saman að í hverjum hópi eru að lágmarki 3 reykköfunarmenn með full réttindi. Með þessu fyrirkomulagi næst að tryggja það að fyrsta viðbragð er hæft til að takast á við flest útköll. Öll liðin utan Borgarfjarðar eru bakvaktaskipt, þannig að liðinu er skipt í tvær vaktir sem standa í 15 daga í senn eða frá 1.

– 15. og 15. til síðasta dags mánaðar. Allir slökkviliðsmenn fá boðun í útkall.

Á Borgarfirði eru tveir varðstjórar sem ganga bakvaktir eftir skipulagi sín í milli en slökkviliðsmenn ekki. Þar sem allir slökkviliðsmenn fá boð um útkall segir sagan okkur að að meðaltali koma um 8 slökkviliðsmenn í hvert útkall.

Fjöldi slökkviliðsmanna hjá Slökkviliði Múlapings í ársbyrjun 2026 er: á Egilsstöðum 15, Vopnafirði 11, Borgarfirði 6, Djúpavogi 11 og Seyðisfirði 10. Þar af eru 2 varðstjórar á hverjum stað. Samtals með slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra 55 menn. Kallað er út eftir hefðbundnu kerfi Neyðarlínu, F1, F2, F3 og F4.

Í útköllum ákveður vakthafandi varðstjóri á hverjum stað hvort kalla þurfi til aðstoð frá öðrum slökkviliðum innan Slökkviliðs Múlapings eða nágrannaslökkviliða. Slökkviliðsstjóri, eða staðgengill hans, stjórnar aðkomu, mannfjölda og aðföngum frá öðrum liðum innan slökkviliðsins og aðstoð frá öðrum liðum utan Slökkviliðs Múlapings. Ef á þarf að halda, og eftir atvikum og eðli áfalls, er virkjuð aðgerðarstjórnstöð Almannavarna sem staðsett er á Egilsstöðum og nær yfir stjórnsýslusvæði lögreglustjórans á Austurlandi.

Miðað er við að á hverjum stað verði fjöldi reykkafera nægur miðað við áhættur.

4.2 STARFSEMI

Slökkvistöð	Aðalstöð	Skilgreint skipulag	Stjórnendur	Slökkviliðsmenn	Forvarnir og eldvarnareftirlit
Djúpivogur	Nei	Hlutastarf - Vaktaskipulag	3	8	0
Vopnafjörður	Nei	Hlutastarf - Vaktaskipulag	2	9	0
Egilsstaðir	Já	Hlutastarf - Vaktaskipulag	5	10	3
Seyðisfjörður	Nei	Hlutastarf - Vaktaskipulag	2	8	0
Borgarfjörður eystri	Nei	Hlutastarf - Vaktaskipulag	2	5	0

1. Lögbundin verkefni
2. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss – allir slökkviliðsmenn fá reglulega þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Að auki er þessi hluti æfður með björgunarsveitum á hverjum stað árlega samkvæmt samningum þar um.
3. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun – ekki hafa allir slökkviliðsmenn réttindi til reykköfunar. Passað er uppá að á hverjum stað sé nægur fjöldi reykkafera til að sinna því sem upp getur komið, áður en aðstoð annarsstaðar frá berst. Þeir sem stunda reykköfun hafa réttindi til þess og æfa hana reglulega.

4. Björgun fólks með klippum, glennum og öðrum útbúnaði – allir slökkviliðsmenn fá reglulega þjálfun í notkun verkfæra til að losa fastklemmt fólk. Á hverju ári er æft með sjúkraflutningamönnum á hverjum stað og/eða vettvangshjálparhópum.
5. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og efnaköfun – allir slökkviliðsmenn fá reglulegar æfingar í viðbrögðum við mengunarslysum. Þungamiðja mengunarviðbragða er á slökkvistöðinni á Egilsstöðum og á Vopnafirði og þar er staðsettur búnaður til að fást við mengunarslys. Upplýsingar vegna eiturefna er að finna í bílum á öllum slökkvistöðvum. Auk þess hafa liðin nýtt sér eitrunarmiðstöð Landspítala til að tryggja rétt viðbrögð við eiturefnaslysum. Mjög gott samstarf er við Heilbrigðiseftirlit Austurlands þegar kemur að mengunar- og eiturefnaóhöppum.
6. Eldvarnaeftirlit og forvarnir – eldvarnaeftirliti er sinnt frá Egilsstöðum í samræmi við lög nr.75/2000 og reglugerð 723/2017 um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun. Forvörnum er sinnt af nokkrum þunga, bæði inni í atvinnulífinu og í leik- og grunnskólum. Nokkrir slökkviliðsmenn hafa komið að fræðslu á sínum stað og reynt er að haga forvörnum þannig að það nýtist hverjum hópi sem best. Það er gert með því að sérsníða kynningar og verklega hluti að hverjum hópi fyrir sig. Nokkuð er um að hópar komi í heimsóknir á slökkvistöðvar og fái kynningu á því sem þar er að finna og fái þá að reyna búnað og tæki undir leiðsögn slökkviliðsmanna.

Að auki sinnir Slökkvilið Múlaþings annarri eftirtalinni þjónustu:

1. Flugvellir – Slökkvilið Múlaþings og útkallseining á Vopnafirði sinna öðru viðbragði eftir flugslysaáætlun fyrir Egilsstaðaflugvöll og Vopnafjarðarflugvöll. Slökkvilið Múlaþings er í samstarfi við Isavia um slökkvibíla á Egilsstöðum og Vopnafjarðarhreppur er í samstarfi við Isavia um slökkvibíl á Vopnafirði.
2. Dælingar – Slökkvilið Múlaþings sinnir þjónustu við íbúa ef annað dugar ekki til, t.d. að hreinsa upp vatn við leka eða flóð.
3. Jarðgöng - Jarðgöng fyrir almenna bílaumferð eru ekki á starfssvæði Slökkviliðs Múlaþings. Á starfssvæði Kárahnjúkavirkjunar eru mörg jarðgöng: Að stöðvarhúsi Fljótsdalsstöðvar 800 m. Aðgöng eitt 2 km. Aðgöng tvö 4 km. Kárahnjúkastífla 5 km. Samanlagt 11.8 km að lengd og sem farið er eftir á tækjum og bílum, auk þess eru frá Fljótsdalstöð 1000 m löng kaplagöng sem eru ekki fær neinum tækjum. Þá er Fljótsdalsstöð 800 m inni í Valþjófsstaðafjalli. Fyrir liggur samstarfssamningur milli Landsvirkjunar og Landsnets og Slökkviliðs Múlaþings dagsettur 8.janúar 2013 sem tekur til kennslu starfsmanna í eldvörnum og tveggja stórra æfinga á ári í umræddum mannvirkjum. Þessar æfingar eru mjög umfangsmiklar og krefjast vettvangsstjórnar og aðgerðastjórnar, auk mikils mannafla frá öllum slökkvistöðvum.

4.3 MENNTUN OG ÞJÁLFUN

Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna skal vera í samræmi við kröfur um þjónustustig liðsins. Nægjanleg þekking og reynsla þarf að vera innan slökkviliðsins svo það sé í stakk búið að ráða við áhætturnar í sveitarfélaginu og að henni sé viðhaldið. Í töflu hér að neðan kemur fram menntunarstig starfsmanna slökkviliðs, skipt niður á þau námskeið sem nauðsynleg eru fyrir menntun í samræmi við lögbundnar kröfur.

Námskeið	Stjórnendur	Slökkviliðsmenn	Samtals
Atvinnuslökkviliðsmaður	1	1	2
Eldvarnareftirlitsmaður I	3	2	5
Eldvarnareftirlitsmaður II	2	2	4
Eldvarnareftirlitsmaður III	2	1	3
Námskeið 1	13	22	35
Námskeið 2	13	22	35
Námskeið 3	9	18	27
Námskeið 4	0	2	2
Stjórnandi	7	7	14

Þjálfunaráætlun slökkviliðsins er með eftirfarandi hætti:

Hvert slökkvilið æfir að jafnaði 10 sinnum á ári. Auk þess eru sameiginlegar æfingar með öllum liðum í Fljótsdalsstöð, í samvinnu við Landsvirkjun og Landsnet, 2 sinnum á ári. Stuðst er við æfingagrunn Brunamálskólans við skipulag æfinga. Miðað er við að varðstjórar á hverjum stað séu lykilmenn þegar kemur að æfingum, bæði skipuleggja þeir æfingar í samráði við slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra og stýra þeim. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mæta að jafnaði á aðra hverja æfingu á hverjum stað. Slökkvilið Múlapings hefur til afnota húsnæði á Seyðisfirði sem unnið er að því að gera að æfingahúsnæði fyrir öll slökkviliðin.

4.4 VERKEFNI OG SAMSTARF

Lögbundnum verkefnum slökkviliða er skipt upp í fimm eftirfarandi þjónustuflokka:

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss,
2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun,
3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun,
4. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum,
5. Eldvarnaeftirlit og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum.

Heimilt er að fela slökkviliði önnur verkefni en þau sem lögbundin eru, en þau mega þó ekki draga úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Verkefnin skulu koma fram í brunavarnaáætlun, þar skal einnig koma fram til hvaða ráðstafana hefur verið gripið af hálfu slökkviliðsins til að tryggja að þau dragi ekki úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á starfsemi slökkviliðs, þ.m.t. framkvæmd eldvarnaeftirlits. Sveitarstjórn ákveður í brunavarnaáætlun umfang þjónustu slökkviliðs. Sveitarfélög geta uppfyllt skyldur sínar um rekstur slökkviliða með samstarfi sín á milli um reksturinn. Tvö sveitarfélög eða fleiri geta samið um sameiginlegt slökkvilið í formi byggðasamlags. Sveitarfélagi er einnig heimilt að semja við annað sveitarfélag um að hafa með höndum tiltekin verkefni og stjórn slökkviliðs í heild eða að hluta. Gera skal skriflegan samning sem tilkynna skal til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Slökkvilið Múlapings sinnir lögbundnum verkefnum eins og að framan er lýst. Þjónustusamningur er við Fljótsdalshrepp og byggðasamlag milli Múlapings og Fljótsdalshrepps er um tæki og húsnæði á Egilsstöðum. Þjónustusamningur vegna yfirstjórnar slökkviliðs er í gildi á milli Múlapings og Vopnafjarðarhrepps.

Verkefni	Fjöldi samninga	Uppfyllt af slökkviliði
Eldvarnaeftirlit og forvarnir	1	Já
Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum	0	Já
Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun	0	Já
Slökkvistarf innanhúss og reykköfun	0	Já
Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss	0	Já

Samningar/Verkefni	Samningur	Hlutverk	Gildir frá	Gildir til
Eldvarnaeftirlit og forvarnir	Eldvarnaeftirlit 2026	Þjónustuveitandi	01.01.2026	31.12.2026
Gagnkvæm aðstoð	Gagnkvæm aðstoð	Gagnkvæmt	12.03.2012	
Gagnkvæm aðstoð	Aðstoð milli slökkviliða	Gagnkvæmt	04.10.2010	
Annað	Björgunarsveitin Ísólfur	Þjónustuþiggjandi	01.01.2019	
Annað	Björgunarsveitin Sveinungi	Þjónustuþiggjandi	26.01.2010	
Annað	Björgunarsveitin Bárán	Þjónustuþiggjandi	21.01.2010	
Annað	Björgunarsveitin Vopni	Þjónustuþiggjandi	01.01.2025	
Annað	Björgunarsveitin Hérað	Þjónustuþiggjandi	01.01.2019	

Slökkvilið Múlapings er með samstarfssamninga við aðliggjandi slökkvilið. Samningar eru við Slökkvilið Fjarðabyggðar, Slökkvilið Hornafjarðar, Slökkvilið Langesbyggðar og Slökkvilið Þingeyjarsveitar. Auk þess eru samningar við björgunarsveitir á starfssvæðinu vegna vatnsöflunar. Útkallseiningar Slökkviliðs Múlapings koma hvor annarri til aðstoðar ef þurfa þykir.

4.5 ELDVARNAREFTIRLIT

Eldvarnaeftirlit og forvarnir er eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Eldvarnaeftirlit skal haft með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.


Slökkviliðsstjóri gefur út eftirlitsáætlun ársins fyrir 1. febrúar hvert ár. Þar skal gert grein fyrir hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi í sveitarfélaginu munu sæta eldvarnaeftirliti það árið. Áætlunin skal birt á vefsíðu slökkviliðsins eða viðkomandi sveitarfélags og skilað til HMS í gegnum Brunagátt. Samantekt um framkvæmd eldvarnaeftirlits að ári liðnu skal einnig skilað til HMS í gegnum sömu gátt.

Eldvarnaeftirliti er sinnt af slökkviliði skv. reglugerð 723/2017 um eldvarnir og eldvarnaeftirlit. Eldvarnaeftirlitsmaður er í fullu starfi hjá Slökkviliði Múlapings. Auk hans sinna slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri eldvarnaeftirliti, yfirferð teikninga og loka- og öryggisúttektum. Unnið er eftir skoðunaráætlun sem vistað er í Brunaverði og skoðunaráætlun ársins birt á heimasíðum Múlapings, Fljótsdalshrepps og Vopnafjarðarhrepps. Allar hreyfingar í eldvarnaeftirliti eru skráðar í Brunavörð. Á árinu 2025 eru skráð mál í Brunavörð tæplega 300. Ljóst er að vegalengdir á starfsvæðinu og annir við eftirlitið gætu kallað á aukinn mannafla við eldvarnaeftirlit í nánustu framtíð.


4.6 ÚTKÖLL – GREINING

Útköll slökkviliða eru flokkuð eftir tilefni og forgangi. Hér fyrir neðan er niðurbrot á verkefnum síðustu 12 mánuði.


Útköll eftir forgangsflokkum



Hlutfall útkalla



Fjöldi útkalla eftir póstnúmerum



5 HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Húsnæði slökkviliða skal vera í samræmi við leiðbeiningar HMS. Slökkvilið skal hafa til umráða fullnægjandi búnað til að geta sinnt verkefnum sínum. Lágmarksbúnaður skal ákveðinn í brunavarnaáætlun. Allur búnaður skal geymdur, þrífinn og honum viðhaldið í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Í eftirfarandi töflum sést samantekt á slökkvistöð/slökkvistöðvum ásamt tækjum og búnaði slökkviliðsins.

Slökkvistöð	Kallnúmer	Heimilisfang	Póstnúmer	Aðalstöð
Egilsstaðir	100	Flugvallarvegur 13, 700 Egilsstaðir, Ísland	700	Já
Vopnafjörður	200	Búðaröxl 3	690	Nei
Djúpivogur	300	Búland 3	765	Nei
Borgarfjörður eystri	400	Heiði	720	Nei
Seyðisfjörður	500	Fjarðargata 2	710	Nei

Tæki/búnaður	Egilsstaðir	Vopnafjörður	Djúpivogur	Borgarfjörður eystri
Froðutankur stærð	645	450	900	150
Dælugeta	7.570	5.500	5.800	4.500
Vatnstankur stærð	22.800	4.200	9.000	4.000
Fjarskipti Tetra	6	4	1	1
Handslökkvitæki	8	5	0	4
Hitamyndavél	2	1	2	1
Auka lofthylki	14	4	4	6
Rekstútar	1	1	0	0
Reykblásarar	2	1	1	1
Reykköfunartæki með fjarskiptum	15	4	6	6
Stjórnborð reykköfunar	1	1	1	1
Slökkviliðsmenn	10	9	8	5
Yfirmenn	4	2	3	2
Reykkafarar	9	2	6	4
Mótvægi stöðvar	2	2	0	1

Tæki/búnaður	Seyðisfjörður
Froðutankur stærð	0
Dælugeta	3.660
Vatnstankur stærð	4.000
Fjarskipti Tetra	2
Handslökkvitæki	14
Hitamyndavél	3
Auka lofthylki	8
Rekstútar	6
Reykblásarar	2
Reykköfunartæki með fjarskiptum	6
Stjórnborð reykköfunar	2
Slökkviliðsmenn	7
Yfirmenn	2
Reykkafarar	4
Mótvægi stöðvar	1

Slökkvistöðvar á starfsvæðinu eru fimm.

Slökkvistöðin á Egilsstöðum er staðsett á Egilsstaðaflugvelli. Hún er stálgrindahús, upphaflega byggt sem bræðsla á Hánefsstaðaeyrum í Seyðisfirði. Flugfélag Austurlands keypti húsið og notaði sem flugskýli til margra ára, byggt 1974 og 1995 og er 401,5 m². Slökkviliðið flutti í húsnæðið árið 2000. Húsnæðið skiptist í sal fyrir slökkvibíla, 349.2 m², starfsmannaaðstöðu og skrifstofu 52,3 m².

Slökkvilið Vopnafjarðar hefur haft aðsetur að Búðaöxl 3 á Vopnafirði frá árinu 2000. Byggingin öll er um 500 m² að stærð, þar af er slökkvistöðin 242,2 m². Í hinum hluta hússins er þjónustumiðstöð Vopnafjarðarhrepps. Á húsnæðinu eru útkeyrsluhurðir fyrir 3 bíla með fjarstýrðum rennihurðum. Í húsnæðinu er fundasalur, kaffistofa og skrifstofa.

Árið 1989 byggði Borgarfjarðarhreppur fyrstu björgunarmiðstöð á Austurlandi sem var 147 m² stálgrindahús og hýsti slökkvibíl, starfsemi Björgunarsveitarinnar Sveinunga, Rauðakrossdeildar og áhaldahús sveitarfélagsins ásamt stjórnstöð. Núverandi slökkvistöð á Borgarfirði er í húsnæði sem Borgarfjarðarhreppur tók í notkun í desember 2012. Í húsinu er einnig aðstaða Björgunarsveitarinnar Sveinunga og Almannavarna. Um er að ræða 75 m² tækjageymslu með um 20 m² fundaaðstöðu og stjórnstöð þessara aðila ásamt salernisaðstöðu.

Slökkvistöðin á Djúpavogi er í steinsteyptri byggingu á einni hæð, byggð árið 1984 og er um 252 m². Árið 2010 fékk slökkviliðið allt húsið til umráða, en hafði áður verið í hluta þess. Tvær bílgengar hurðir eru á byggingunni. Á árinu 2011 var kláruð búningsaðstaða og aðstaða fyrir varðstjóra. Í upphafi árs 2025 fóru af stað gagngerar endurbætur á slökkvistöðinni sem stefnt er að því að klára á árinu.

Slökkvistöðin á Seyðisfirði er hluti af áhaldahúsi bæjarins að Ránargötu 2 og var stækkað og endurbyggt 2017. Slökkvistöðin er þrjú sperrubil í öðrum enda hússins með tveimur bílgengum hurðum. Á neðri hæð er góð starfsmannaaðstaða og á efri hæð er fundasalur og

kaffistofa. Heildarstærð er um 253,5m².

Búnaðarlistar eru vistaðir í Brunagátt HMS. Umsjón með búnaði er í höndum slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra auk varðstjóra á hverjum stað. Skráning á búnaði er fyrir hendi en mjög skortir á að markvisst viðhald sé fyrir hendi og viðhaldsbækur haldnar. Mikilvægt er að koma upp starfsmanni sem hefur þessi verkefni á sinni könnu.

Lágmarksbúnaður slökkviliðsins miðast við leiðbeiningar HMS um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar.

6 ÁHÆTTUMAT OG MÓTVÆGI

Stærð slökkviliðs og skipulag þess skal ákvarðað út frá þeim áhættum sem eru til staðar í sveitarfélaginu. Því er mjög mikilvægt að slökkvilið greini helstu áhættur sveitarfélagsins og útbúi áhættumat, þar sem fram koma líkur á atburðum og afleiðingar þess ef áhættur raungerast.

6.1 ÁHÆTTUMAT OG ÁHÆTTUSTIG

Áhættur eru metnar út frá öryggi fólks, samfélagslegum og fjárhagslegum áhrifum áfalla. Fyrst og fremst er litið til þess hvort að fólki sé hættu búin komi til eldsvoða og hvaða líkur eru til þess að hægt sé að bjarga verðmætum. Víða er langt í áhættur og viðbragðstími getur verið langur.

Áhættumat

Áhætta	Fjöldi einstaklinga	Samfélagsleg og rekstrarleg áhrif	Viðbragðstími	Ástand einstaklinga	Ástand mannvirkis
Laugarfell	30-100	1-5 starfsmenn.	45 <	1 - 2 ósjálfbjarga	Eldri hús / timbur
Grunnskólinn á Seyðisfirði	30-100	16-25 starfsmenn.	10 < < 15	6 - 10 ósjálfbjarga	Gömul léleg hús
Fljótalsstöð Landsvirkjunar	5-30	yfir 100 starfsmenn. / milljarð í veltu.	45 <	Sjálfbjarga	Steinsteypt hús
Fjalladýrð	30-100	6-15 starfsmenn.	45 <	1 - 2 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Óbyggðasetur	5-30	1-5 starfsmenn.	45 <	1 - 2 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Hótel Eyvindará	30-100	6-15 starfsmenn.	15 < < 20	2 - 4 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Eiðar hostel og apartments	30-100	6-15 starfsmenn.	20 < < 30	4 - 6 ósjálfbjarga	Eldri hús / timbur
1001 nótt	30-100	6-15 starfsmenn.	20 < < 30	2 - 4 ósjálfbjarga	Nýtt hús/ hótel/ menning
Hótel Svartiskógur	30-100	6-15 starfsmenn.	45 <	4 - 6 ósjálfbjarga	Eldri hús / timbur
Hótel Stuðlagil	30-100	6-15 starfsmenn.	45 <	1 - 2 ósjálfbjarga	Eldri hús / timbur
Kassaverksmiðja	5-30	6-15 starfsmenn.	10 < < 15	Sjálfbjarga	Nýtt hús

Áhætta	Fjöldi einstaklinga	Samfélagsleg og rekstrarleg áhrif	Viðbragðstími	Ástand einstaklinga	Ástand mannvirkis
Hótel Framtíð	5-30	16-25 starfsmenn.	10 < < 15	2 - 4 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Leikskóli Djúpavogs	30-100	16-25 starfsmenn.	10 < < 15	10 - 30 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Djúpavogsskóli	100-200	26-50 starfsmenn.	10 < < 15	4 - 6 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Bræðslan Seyðisfirði	5-30	1-5 starfsmenn.	10 < < 15	Sjálfbjarga	Gömul léleg hús
Kaldvík	5-30	yfir 100 starfsmenn. / milljarð í veltu.	10 < < 15	Sjálfbjarga	Eldri hús / timbur
Leikskólinn á Seyðisfirði	30-100	6-15 starfsmenn.	10 < < 15	10 - 30 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Hafaldan/Gamli Spítalinn	5-30	1-5 starfsmenn.	10 < < 15	1 - 2 ósjálfbjarga	Gömul léleg hús
Blábjörg	30-100	6-15 starfsmenn.	10 < < 15	1 - 2 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Fiskverkun Kalla Sveins/Álfakaffi	5-30	16-25 starfsmenn.	10 < < 15	1 - 2 ósjálfbjarga	Gömul léleg hús
Leikskólinn Brekkubær	30-100	6-15 starfsmenn.	10 < < 15	>30 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Vopnafjarðarskóli	30-100	16-25 starfsmenn.	10 < < 15	10 - 30 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Brim	30-100	yfir 100 starfsmenn. / milljarð í veltu.	10 < < 15	Sjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Dekkjahöllin	5-30	6-15 starfsmenn.	10 < < 15	Sjálfbjarga	Eldri hús / timbur
Dyngja	30-100	26-50 starfsmenn.	10 < < 15	>30 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Hótel Hallormsstaður	200-400	16-25 starfsmenn.	35 < < 45	6 - 10 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Hótel Valaskjál	200-400	16-25 starfsmenn.	10 < < 15	6 - 10 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Leikskólinn Skógarland	30-100	26-50 starfsmenn.	< 10 mín	>30 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Myllan	5-30	6-15 starfsmenn.	< 10 mín	Sjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Gistihúsið Egilsstöðum	100-200	16-25 starfsmenn.	< 10 mín	1 - 2 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Brúnás/innréttingar	5-30	16-25 starfsmenn.	< 10 mín	Sjálfbjarga	-
Íþróttahús	200-400	6-15 starfsmenn.	< 10 mín	1 - 2 ósjálfbjarga	Steinsteypt hús
Egilsstaðaskóli	100-200	50-100	< 10 mín	6 - 10	Góð hús sem

Áhætta	Fjöldi einstaklinga	Samfélagsleg og rekstrarleg áhrif	Viðbragðstími	Ástand einstaklinga	Ástand mannvirkis
		starfsmenn.		ósjáfbjarga	uppfylla þarfir
Brúarárskóli	30-100	6-15 starfsmenn.	20 < < 30	6 - 10 ósjáfbjarga	Steinsteypt hús
BVA	5-30	6-15 starfsmenn.	< 10 mín	Sjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Hálsakot veiðihús	5-30	1-5 starfsmenn.	45 <	Sjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Íþróttahús Seyðisfirði	30-100	1-5 starfsmenn.	10 < < 15	2 - 4 ósjáfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Herðubreið	100-200	1-5 starfsmenn.	10 < < 15	1 - 2 ósjáfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Gamla fiskvinnslan SVN	<5	Engin áhrif á atvinnu eða tekjur	10 < < 15	Sjálfbjarga	Gömul léleg hús
Álfheimar	30-100	6-15 starfsmenn.	10 < < 15	1 - 2 ósjáfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Grunnskóli Borgarfirði	5-30	1-5 starfsmenn.	10 < < 15	2 - 4 ósjáfbjarga	Eldri hús / timbur
Leikskólinn Tjarnarland	30-100	6-15 starfsmenn.	< 10 mín	10 - 30 ósjáfbjarga	Eldri hús / timbur

Áhættustig

Áhætta	Líkur	Afleiðing	Áhættustig
Laugarfell	Auknar	Krítískt	3
Grunnskólinn á Seyðisfirði	Auknar	Hættulegt	3
Fljótsdalsstöð Landsvirkjunar	Litlar	Stórslys	3
Fjalladýrð	Litlar	Litlar	2
Óbyggðasetur	Litlar	Litlar	2
Hótel Eyvindará	Litlar	Litlar	2
Eiðar hostel og apartments	Litlar	Litlar	2
1001 nótt	Litlar	Litlar	2
Hótel Svartiskógur	Auknar	Litlar	2
Hótel Stuðlagil	Litlar	Hættulegt	2
Kassaverksmiðja	Litlar	Krítískt	2
Hótel Framtíð	Litlar	Hættulegt	2
Leikskóli Djúpavogs	Litlar	Krítískt	2
Djúpavogsskóli	Litlar	Krítískt	2
Bræðslan Seyðisfirði	Auknar	Minniháttar	2
Kaldvík	Litlar	Krítískt	2
Leikskólinn á Seyðisfirði	Litlar	Hættulegt	2

Áhætta	Líkur	Afleiðing	Áhættustig
Hafaldan/Gamli Spítalinn	Auknar	Hættulegt	2
Blábjörg	Litlar	Litlar	2
Fiskverkun Kalla Sveins/Álfakaffi	Litlar	Hættulegt	2
Leikskólinn Brekkubær	Litlar	Hættulegt	2
Vopnafjarðarskóli	Litlar	Hættulegt	2
Brim	Litlar	Krítískt	2
Dekkjahöllin	Litlar	Hættulegt	2
Dyngja	Litlar	Litlar	2
Hótel Hallormsstaður	Litlar	Minniháttar	2
Hótel Valaskjálfr	Litlar	Litlar	2
Leikskólinn Skógarland	Litlar	Minniháttar	2
Myllan	Litlar	Litlar	2
Gistihúsið Egilsstöðum	Litlar	Litlar	2
Brúnás/innréttingar	Auknar	Litlar	2
Íþróttahús	Litlar	Litlar	2
Egilsstaðaskóli	Litlar	Hættulegt	2
Brúarárskóli	Litlar	Krítískt	2
BVA	Auknar	Litlar	2
Hálsakot veiðihús	Litlar	Minniháttar	1
Íþróttahús Seyðisfirði	Litlar	Minniháttar	1
Herðubreið	Litlar	Minniháttar	1
Gamla fiskvinnslan SVN	Litlar	Minniháttar	1
Álfheimar	Litlar	Minniháttar	1
Grunnskóli Borgarfirði	Litlar	Minniháttar	1
Leikskólinn Tjarnarland	Litlar	Minniháttar	1

6.2 MÓTVÆGI OG NIÐURSTÖÐUR

Áhætta	Áhættustig	Mótvægi slökkviliðs	Slökkvistöð	Vegalengd (Km)	Viðbragðstími (Mín)	Viðbragðsstöðvar
Grunnskólinn á Seyðisfirði	3	2	Seyðisfjörður	0,6	7	Egilsstaðir, Seyðisfjörður
Fljótsdalsstöð Landsvirkjunar	3	2	Egilsstaðir	44,4	40	Egilsstaðir
Laugarfell	3	0	Egilsstaðir	73,9	69	
Óbyggðasetur	2	2	Egilsstaðir	52,6	50	Egilsstaðir
BVA	2	2	Egilsstaðir	2,5	9	Egilsstaðir, Seyðisfjörður
Hótel Valaskjálfr	2	2	Egilsstaðir	2,5	9	Egilsstaðir, Seyðisfjörður
Myllan	2	2	Egilsstaðir	2,6	9	Egilsstaðir,

Áhætta	Áhættustig	Mótvægi slökkviliðs	Slökkvistöð	Vegalengd (Km)	Viðbragðstími (Mín)	Viðbragðsstöðvar
						Seyðisfjörður
Brúnás/innréttin gar	2	2	Egilsstaðir	2,3	9	Egilsstaðir, Seyðisfjörður
Íþróttahús	2	2	Egilsstaðir	2,7	10	Egilsstaðir, Seyðisfjörður
Brúarárskóli	2	2	Egilsstaðir	23,2	24	Egilsstaðir, Seyðisfjörður

Áhættumatið leiðir í ljós að Slökkvilið Múlapings ræður almennt vel við þær áhættur sem eru á starfsvæðinu. Búnaður sem vantar verður keyptur á árinu 2026. Þær áhættur sem kalla á meiri mannskap, fjölgun slökkviliðsmanna, teljum við að við getum leyst með því að kalla menn til innan starfsvæðis. Þar er um að ræða áhættur á Borgarfirði eystra, Djúpavogi og stöðvarhús Fljótsdalsstöðvar. Til Borgarfjarðar og Djúpavogs köllum við menn frá Egilsstöðum auk þess sem við erum með samstarfssamninga við Slökkvilið Hornafjarðar og Slökkvilið Fjarðabyggðar. Með þessum mannskap, sem ætti að koma á staðinn á innan við klukkustund, teljum við að vel ætti að ráðast við áhættur á Borgarfirði og Djúpavogi. Verði atburður inni í Fljótsdalsstöð eru starfsmenn Landsvirkjunar fyrsta viðbragð og svo bætast slökkviliðsmenn við. Allar brunavarnir eru í góðu lagi í Fljótsdalsstöð þannig að við metum áhættuna á stórum atburði ekki miklar.

7 FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

Framkvæmdaáætlun gerir grein fyrir þeim breytingum og endurskoðun á starfsemi slökkviliðs sem fyrirhugað er að gera á gildistíma brunavarnaáætlunar. Í töflunum hér að neðan kemur fram sú vöntun á búnaði og/eða mannskap sem áhættugreining leiddi af sér og þær aðgerðir sem áætlað er að fara í til að mæta þeirri vöntun.

7.1 FRAMKVÆMDAÁÆTLUN BYGGÐ Á ÁHÆTTUMATI

Taflan hér fyrir neðan sýnir aukningu á viðbragðsgetu til samræmis við samanburð milli áhættumats brunavarnaáætlunar og getu slökkviliðs til að bregðast við greindum áhættum. Sé ekki þörf á breytingum á viðbragðsgetu birtist taflan ekki.

Slökkvistöð	Liður	Lýsing	Magn	Áætlunarár	Í Áætlun
Vopnafjörður	Fjarskipti Tetra		8		Já
Egilsstaðir	Fjarskipti Tetra		8		Já
Djúpivogur	Fjarskipti Tetra		2		Já
Borgarfjörður eystri	Fjarskipti Tetra		2		Já
Seyðisfjörður	Fjarskipti Tetra		2		Já
Vopnafjörður	Rekstútar		2		Já
Egilsstaðir	Rekstútar		3		Já
Djúpivogur	Rekstútar		1		Já
Borgarfjörður eystri	Rekstútar		1		Já
Seyðisfjörður	Rekstútar		1		Já
Vopnafjörður	Stjórnborð reykköfunar		1		Já
Seyðisfjörður	Stjórnborð reykköfunar		1		Já
Borgarfjörður eystri	Stjórnborð reykköfunar		1		Já
Djúpivogur	Stjórnborð reykköfunar		1		Já
Egilsstaðir	Stjórnborð reykköfunar		1		Já

7.2 ENDURNÝJUN OG AÐRAR FJÁRFESTINGAR

Taflan hér að neðan sýnir endurnýjun á búnaði ásamt öðrum fjárfestingum sem ekki koma fram í úrvinnslu áhættumats en eru nauðsynleg fyrir starfsemi slökkviliðs.

Slökkvistöð	Liður	Lýsing	Magn	Áætlunarár
Vopnafjörður	Loftkútar		2	
Vopnafjörður	Yfirþrýstingsblásari		1	

7.3 MENNTUNARÁÆTLUN

Taflan hér að neðan sýnir menntunaráætlun slökkviliðsins til næstu þriggja ára. Áætlunin felst í að tryggja að viðhalda menntunarstigi liðsins svo það sé í stakk búið að sinna lögbundnum verkefnum og takast á við áhættur á svæðinu.

Námskeið	2027	2028	2029
Atvinnuslökkviliðsmaður			
Eldvarnareftirlitsmaður I			
Eldvarnareftirlitsmaður II			
Eldvarnareftirlitsmaður III			
Námskeið 1	4	4	4
Námskeið 2	6	6	6
Námskeið 3	6	6	6
Námskeið 4	6	6	6
Stjórnandi	10		

7.4 SAMANTEKT OG RÖKSTUÐNINGUR FRAMKVÆMDAÁÆTLUNAR

Við ákvörðun um framkvæmdaáætlun er stuðst við áhættumat sem leiðir í ljós hvaða búnað og / eða mannskap við þurfum til að geta brugðist við atburðum. Almennt séð er Slökkvilið Múlapings vel sett búnaðarlega gagnvart áhættum og ekki brýn þörf á stórum framkvæmdum. Nauðsynlegri endurnýjun minni búnaðar er sinnt eftir þörfum og vel passað uppá að allur almennur búnaður sé tiltækur og í lagi. Þar er helst að nefna allan persónubúnað slökkviliðmanna, dælubúnað og allan lausan búnað slökkviliðanna.

8 FYLGISKJÖL

Lýsing skjals	Tegund skjals	Dagsetning skjals
Samningur um gagnkvæma aðstoð	Samningur	04.10.2010
Samningur um gagnkvæma aðstoð milli slökkviliða	Samningur	12.03.2012
Samningur um vatnsöflun við Björgunarsveitina Ísólf	Samningur	01.01.2019
Samningur um vatnsöflun við björgunarsveitina Hérað	Samningur	01.01.2019
Samningur um vatnsöflun við björgunarsveitina Vopna	Samningur	01.01.2025
Samningur um vatnsöflun við björgunarsveitina Ísólf	Samningur	26.01.2010
Samningur við björgunarsveitina Báru vegna vatnsöflunar	Samningur	21.01.2010
Skoðunaráætlun á fasteignum tengt Slökkviliði Múlapings fyrir árið 2026	Samningur	01.01.2026